

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs. Undirskrifuð af konungi 8. ágúst 1885 (A nr. 10, bls. 28—29).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í spánskum höfnum og í frakkneskum höfnum við Miðjarðarhafið og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands. (A nr. 11, bls. 30—31).

Reikningságríp

77

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1884.

	Tekjur:	Kr.	a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1883		66631	29
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins		2543	12
3. Borgað af lánum einstakra manna		790	49
4. Ný skuldabryf, sem sjóðurinn hefur eignast á árinu		1000	»
	Tekjur alls	70964	90

	Gjöld:	Kr.	a.
1. Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnespingi		2505	»
2. Lánað út á árinu		1000	»
3. Til jafnaðar móti 3. tekjulið		790	49
4. Eptirstöðvar við árslok 1884:		Kr.	a.
a. Ríkisskuldabryf		29190	»
b. Skuldabryf einstakra manna		37232	17
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1884		160	»
d. Í peningum		87,24	66669 41
	Gjöld alls	70964	90

Reikningságríp

78

landsbókasafnsins í Reykjavík árið 1884.

	Tekjur:	Kr.	a.
1. Eptirstöðvar frá fyrra ári		6765	95
2. Ársvextir af innstæðufje		259	20
3. Styrkur úr landssjóði		1600	»
4. Innleyst skuldabryf Þórarins prófasts Kristjánssonar		430	»
	Tekjur alls	9055	15

	Gjöld:	Kr.	a.
1. Til þess að semja bókaskrá		457	7
2. Til bókakaupa og bókbands		844	30
3. Til ræstingar og þvotta		88	81
	Flyt	1390	18

24. dag septembermán. 1885.

78

	Fluttar	Kr. a.
4. Til hitunar	122	73
5. Til áhalds og viðgjörða	221	85
6. Til kand. Hallgríms Melsteðs fyrir aðstoð við útlán	120	»
7. Brunabótagjald fyrir safnið	99	74
8. Ýmisleg útgjöld	17	60
9. Til jafnaðar móti 4. tekjulið	430	»
10. Eptirstöðvar:		
a. konungleg uppsegjanleg skuldabryf	3250	»
b. innritunarskírteini Ltr. G. Fol. 120	2800	»
c. í sjóði hjá gjaldkera	603	5
	6653	5
	Gjöld alls	9055 15

Stiptysfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 31. marz 1885.

Magnús Stephensen

P. Pjetursson.

settur.

79

24. ágúst. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ágríp af gjaldabókum yfir útflutningsgjald.** — Í þóknanlegu brjefi 28. jan. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, spurst fyrir um það, hvort hálfsmisseris ágríp þau, af gjaldabókum yfir útflutningsgjald af fiski lýsi o. fl. sem fyrirskipuð eru í reglugjörð 6. júlí 1882, eigi ekki að sæta sömu kjörum og útskriptir af tollgjaldabókum þeim og almennum gjaldabókum, sem fyrirskipuð eru í 11. og 12. gr. reglugjörðar 13. febr. 1873, þannig að þau beri einnig að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar að þó að það sje ekki berum orðum tekið fram í ofanefndri reglugjörð 6. júlí 1882, virðist bezt við eiga, eptirlitsins vegna, að ágrípin af gjaldabókunum yfir útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. sjeu einsog aðrir gjaldabókarútrættir sendir amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

80

29. ágúst. **Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um lán til kirkjubyggingar.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Holti í Önundarfirði og meðmælum hinna heiðruðu stiptysfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu í gær, vil jeg hjermeð veita Holtsprestakalli í Önundarfirði 700 kr. lán úr viðlagasjóði til endurbýggingar kirkjunnar að Stað í Súgandafirði, gegn því að lán þetta, auk 4% vaxta, verði endurborgað af tekjum Holtsprestakalls með 100 kr. á ári í 7 ár.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

81

29. ágúst. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lán til byggingar alþýðuskólahúss.** — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu og samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir amtsráðsins hönd, vil jeg hjermeð